



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

## Fundargerð

59. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn mánudaginn 1. júní 2015, kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

**Reykjavík:**

Hjálmar Sveinsson

**Kópavogsbær:**

Sverrir Óskarsson

**Hafnarfjarðarbær:**

Guðlaug Kristjánsdóttir

**Garðabær:**

Sigurður Guðmundsson og Steinhólmur Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

**Seltjarnarnesbær:**

Stefán Bergmann

**Kjósarhreppur:**

G. Oddur Víðisson og Gunnar Leó Helgasson

Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040 samþykkt**  
Öll aðildarsveitarfélög hafa samþykkt tillögu svæðisskipulagsnefndar að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040 sbr. 2. mgr. 25. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að senda Skipulagsstofnun tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins ásamt athugasemdum og umsögn til staðfestingar sbr. 3. mgr. 25. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt samþykkir svæðisskipulagsnefnd að auglýsa þessa niðurstöðu og senda tilkynningu til þeirra aðila sem sendu inn athugasemdir ásamt umsögn um þær.*

2. **Staða svæðisskipulagsstjóra**

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH, greindi frá ákvörðun stjórnar SSH um að breyta starfi svæðisskipulagsstjóra úr tímabundinni stöðu í varanlega.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd lýsir ánægju sinni með ákvörðun stjórnar SSH um að gera starf svæðisskipulagsstjóra varanlegt.*

3. **Sóknaráætlanir landshluta, mál til kynningar**

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH greindi frá verkefninu sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019 og snertifleti við svæðisskipulagið.

4. **Framfylgd nýs svæðisskipulags**

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, fór yfir þau verkefni sem þegar liggja fyrir; seinni hluti þróunaráætlunar, samkomulag við Vegagerðina og

samráðsvettvangur um vatnsvernd og nýtingu.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að gera drög að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar í samræmi við aðgerð 6.2.3 í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.*

5. **Kynningarmál.**

Rætt var um hvernig standa ber að kynningu á nýju svæðisskipulagi að staðfestingu lokinni. Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri fór yfir þær hugmyndir sem hafa verið viðraðar.

*Niðurstaða:*

*Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að gera drög að kynningaráætlun fyrir næsta fund nefndarinnar.*

6. **Önnur mál**

Ólafur Ingi Óskarsson greindi frá ábendingum um að gögn svæðisskipulagsnefndar væru ekki aðgengileg öllum kjörnum fulltrúum. Hrafnkell benti á að hlutverk gagnagáttar SSH væri að vera nokkurs konar „umslag“ utan um gögn hvers fundar. Fundargerðir eru sendar út á allar sveitarstjórnaskrifstofur sem hafa aðgang að gagnagátt SSH. Það sé svo undir hverri skrifstofu komið að gera gögnin aðgengileg fyrir kjörna fulltrúa.

Fundargerð samþykkt í lok fundar, fundi slitið kl. 17:00.